

Nd.

565. Framhaldsnefndarálit

um frumv. til fjáráukalaga fyrir árin 1914 og 1915.

Fyrir breytingum þeim, er háttvirt efri deild hefir gert á frumv., er að mestu gerð grein í álitu fjárlaganefndar e.d. þskj. 358. Flestar þessar breytingar eru svo lagaðar, að vjer annaðhvort föllumst fyllilega á þær, eða teljum ekki vert að gera ágreining um þær. En það eru tvær breytingar, sem nefndin getur alls eigi fallist á:

1. Fjárveitingin til Fossvallasmjörbúsins hefir verið feld burt í ed. (kr. 380,76).
2. Athugasemdin um endurgreiðslu á vörutolli til Sláturfjelags Suðurlands (kr. 570,40) hefir einnig verið feld burtu.

Þessar fjárveitingar viljum vjer nú setja inn í frumv. aftur, samkvæmt því sem nánar verður frá skýrt í framsögu. En til þess að ganga á móti nefndinni í ed. í samkomulagsáttina, leggjum vjer til, að upphæðirnar sje lítið eitt lægri; ekki af því, að það hafi neina fjárhagsþýðingu, heldur til merkis um það, að hjer sje að eins um sanngirniskröfur að ræða gagnvart landssjóði, bygðar á sjerstökum ástæðum. Má þá ætla, að þessar eftirgjafir dragi heldur ekki neinn tilfinnanlegan dilk á eftir sjer.

Samkvæmt framansögðu kemur nefndin með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 8. gr.

Á undan síðasta lið greinarinnar komi nýr liður:

Til Fossvallasmjörbús kr. 300,00

2. Við 9. gr.

Á eftir 3. málslið komi nýr liður, þannig:

Landsstjórninni heimilast að endurgreiða Sláturfjlagi Suðurlands vörutoll af 184 tn. af saltkjöti innfluttu 21. júlí 1914 kr. 450,00

Sveinn Björnsson, Pjetur Jónsson, Þórarinn Benediktsson.
form. frsm.

Björn Kristjánsson. Sigurður Sigurðsson. Eggert Pálsson.

Skúli Thoroddsen.